

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 21. ágúst 2017 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem samþykkt var í borgarráði 6. júlí 2017.

Í breytingunni felst að sett eru sérákvæði sem takmarka uppbyggingu hótela og gististaða í miðborgarkjarna (M1a). Bætt er við texta í skilgreiningu á M1a í kaflanum Landnotkun-skilgreiningar og í sértækum ákvæðum um hótél og gistirými auk þess sem töflu 3, Gististaðir, er breytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 21. ágúst 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2017